



Fréttatilkynning frá Sigríði Andersen frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Fjárhagslegt uppgjör prófkjörs

Um árabíl hafa menn rætt um svokallað opið bókhald stjórnmalaflokka og frambjóðenda. Að minnsta kosti tvær nefndir hafa starfað á vegum Alþingis á undanförunum árum að gerð tillagna um sérstök lög og reglur um fjármál flokkanna. Einstakir þingmenn hafa einnig flutt frumvörp til laga um málið. Það er hins vegar ætíð fast í sama farinu. Enginn þeirra stjórnmalamanna sem hæst lætur birtir reikninga sína svo vit sé í eða gagn að.

Ég tel að flokkar og framboð eigi að hafa sjálfðæmi um hvort og að hve miklu leyti þau birta upplýsingar af þessu tagi. Það er lýðræðislegt og hluti af tjáningarfrelsinu að menn geti styrkt þann stjórnmalaflokk, frambjóðanda og málefni sem þeir vilja án þess að það sé borið á torg. Það á einnig að vera eitt af því sem greinir flokka og frambjóðendur að hvernig þeir gera grein fyrir þessum málum. Þeir kjósendur sem telja að þessar upplýsingar skipti máli geta þá tekið það með í reikninginn þegar þeir gera upp á milli flokka og frambjóðenda í prófkjörum og almennum kosningum.

Ég hafna alfarið þeim hugmyndum sem heyrst hafa að undanförunu um að banna eða takmarka verulega frjáls framlög til stjórnmalaflokka og frambjóðenda og vara eindregið við að framlög til flokkanna úr ríkissjóði verði aukin og eftirlit með fjármálum þeirra fært undir Ríkisendurskoðun eins og um hverja aðra ríkisstofnun sé að ræða. Stjórnmalaflokkarnir eiga að vera frjáls félagasamtök en ekki ríkisstofnanir.

Meðfylgjandi er uppgjör á tekjum og gjöldum fyrir stuðningsmannafélag mitt vegna framboðs í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í lok október. Upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir nær 5 milljónum króna. Kostnaður varð vel innan þeirra marka af þremur ástæðum. Bæklingur var sendur á öll heimili í borginni í stað þess að senda hann eftir flokksskrá. Við það sparaðist um hálf milljón króna í sendingarkostnaði. Í upphafi gert ráð fyrir einum eða jafnvel tveimur launuðum starfsmönnum á kosningaskrifstofunni. Vegna einstakrar velvildar og förnýsi nokkurra hugsjónamanna úr stuðningsmannahópi mínum þurfti aldrei að ráða starfsmenn á launum. Þar sparaðist um hálf milljón króna. Að lokum var hætt við að auglýsa í útvarpi.

Ég setti mér það markmið í byrjun að ekkert eitt fjárframlag færi yfir 10% tekna. Hæstu framlögin eru vel innan þeirra marka. Langflest framlög fyrirtækja eru á bilinu 2 til 3% tekna. Samtals lögðu 56 einstaklingar og fyrirtæki framboðinu til fé. Meðalframlag fyrirtækja er um 135 þúsund krónur og meðalframlag einstaklinga er um 16 þúsund krónur. Eins og þessi fjárframlög eru vel þegin blikna þau í samanburði við þá vinnu sem helstu stuðningsmenn mínir lögðu á sig vikurnar fyrir prófkjörið.

Skil á reikningi af þessu tagi er létt verk. Þeir flokkar og frambjóðendur sem hafa það í huga áður en kosningabaráttu hefst að reikningurinn verði birtur að baráttu lokinni eiga ekki að lenda í neinum vandræðum með að birta þessar upplýsingar.

Um fjármál framboða þarf engin sérstök boð og bönn.

Reykjavík, 17. nóvember 2006,

Sigríður Á. Andersen



Í neðangreindum reikningi er gerð grein fyrir tekjum og kostnaði félagsins **Stuðningsmenn Sigríðar Á. Andersen** vegna framboðs Sigríðar í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík í október 2006. Framboðið naut auk þess velvildar margra annarra einstaklinga sem lögðu á sig mikla vinnu, reiddu fram veitingar og lánuðu aðstöðu, skrifstofutæki, heimilistæki, húsgögn og annað sem þarf til baráttu af þessu tagi. Erfitt er að meta þá þætti til fjár en vafalítið hleypur vinnuframlag og önnur aðstoð sjálfboðaliða á milljónum króna. Stjórn stuðningsmannafélagsins mun einnig gera ársreikning félagsins, undirritaðan af löggiltum endurskoðanda, opinberan eftir áramótin.

Rekstrarreikningur

Tekjur:

Framlög einstaklinga (31)	509.600
Framlög félaga (25)	3.370.000

3.879.600


Gjöld:

Rekstur skrifstofu	137.113
Auglýsingar	2.198.325
Prentun	399.601
Vinnsla kynningarefnis	505.470
Sími og net	99.355
Póstburður	354.228

3.694.092


Rekstrarniðurstaða: 185.508

Myndræn framsetning nokkurra talna úr rekstrarreikningi:





Skipting heildarfjárhæðar frá einstaklingum og félögum



Skipting fjölda styrkja frá einstaklingum og félögum

